



**52. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 14. ágúst, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Lyftumál að Hnjúkabyggð 33.
3. Boð á aðalfund lönþróunarfélags Norðurlands vestra.
4. Fundargerð stjórnar INVEST frá 8. ágúst 2003.
5. Umsóknir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.
6. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

**1. Atvinnumál.**

a. **Reglugerð um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum (byggðakvóti).** Í reglugerðinni er kveðið á um framkvæmd úthlutunarinnar þar sem sveitarfélögum eru gefnir punktar eftir tilgreindum forsendum, s.s. fólksfækkun, samdrætti í aflaheimildum, tekjum undir landsmeðaltali ofl. Ráðuneytið mun skipta veiðiheimildum sem koma í hlut hvers sveitarfélags til einstakra fiskibáta en sveitarstjórnunum er heimilt að gera tillögur til ráðuneytisins. Skulu tillögur sveitarfélaga hafa borist fyrir 15. október nk. auk greinargerðar sem byggir á hlutlægum reglum og jafnræðissjónarmiðum. Bæjarstjóra falið að hefja undirbúning vegna umsóknar um byggðskvóta.

**b. Flutningur starfsemi Ísgel til Blönduóss**

Fyrirtækið Ísgel sem stofnað var árið 1999 á Hvammstanga hefur fest kaup á gamla Vísishúsinu að Húnabraut 21 og hyggst flytja starfsemi sína þangað. Eigendur Ísgels eru þær Guðfinna Ingimarsdóttir og Fríða Pálmadóttir ásamt fleirum. Bæjarráð býður fyrirtækið og eigendur þess velkomna á Blönduós.

**2. Lyftumál að Hnjúkabyggð 33.**

Bæjarstjóri greindi frá áætluðum heildarkostnaði vegna lyftu í húseigninni að Hnjúkabyggð 33 og skiptingu kostnaðar á milli Dómsmálaráðuneytis (Fasteigna ríkissjóðs), Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Blönduósbæ. Lögð fram drög að samkomulagi milli Fasteigna ríkissjóðs og Blönduósbæjar. Bæjarstjóra falið að undirrita samkomulagið og leita tilboða í samráði við byggingarfulltrúa.



- 3. Boð á aðalfund lönþróunarfélags Norðurlands vestra.**  
*Aðalfundur INVEST er fyrirhugaður hinn 29. ágúst nk.kl. 9:30 á Skagaströnd. Fundurinn er haldinn í tengslum við aðalfund SSNV og leggur bæjarráð til að fulltrúar á þing SSNV sæki jafnframt aðalfund INVEST.*
- 4. Fundargerð stjórnar INVEST frá 8. ágúst 2003.**  
*Lögð fram til kynningar.*
- 5. Umsóknir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.**
  - a. Tveir umsóknir hafa borist. Bókað í trúnaðarbók.**
- 6. Önnur mál.**
  - a. Gólfvottavél í íþróttahús**  
*Lagt fram erindi frá forstöðumanni íþróttahússins þar sem hann upplýsir að gólfvottavél íþróttahússins sé komin til ára sinna og brýn þörf sé á að gera við hana eða fjárfesta í nýrri. Forstöðumanni og sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs er falið að leita tilboða í nýja vél. Bæjarráð leggur til að heimilað verði að hækka fjárhagsáætlun sem því nemur.*
  - b. Aðalfundur Háubrekku ehf.**  
*Bæjarráð leggur til að aðalfundur Háubrekku ehf. verði haldinn samhliða næsta fundi bæjarráðs nk. fimmtudag.*
  - c. Fundarboð frá Rarik**  
*Fram lagt fundarboð frá rafmagnsveitustjóra þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúa / fulltrúum sveitarstjórna á NV og stjórn RARIK. Fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi nk. mánudag 18. ágúst kl. 15.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

Hjördís Blöndal (sign.)  
Auðunn Sigurðsson (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)